
PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES

Harry Potter

AND
THE

PHILOSOPHER'S STONE™

— IN CONCERT —

TIMOTHY HENTY HLJÓMSVEITARSTJÓRI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
25., 26. OG 27. NÓVEMBER 2021



BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (c21)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á sýningu stendur.

Harry Potter og viskusteinninn™

Söguþráður

Á ellefta afmælisdegi sínum kemst Harry Potter™ að því að hann sé munaðarlaus sonur tveggja galdramanna og sé sjálfur gæddur töfrahæfileikum. Í galdraskólanum Hogwarts™ lærir hann flugþróttina Quidditch™ og teflir æsispennandi lífandi skák á leið til fundar við svartagaldramann sem er harðákveðinn í að tortíma honum.

Persónur, nöfn og tilheyrandi merki eru © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. WIZARDING WORLD vörumerki og lógó © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Útgáfuréttur © JKR. (s19)

Sýningin tekur um þrjár klukkustundir með hléi.

25|11

FÖSTUDAGUR
KL. 19:00

26|11

LAUGARDAGUR
KL. 19:00

27|11

SUNNUDAGUR
KL. 14:00

Harry Potter og viskusteinninn™ á tónleikum

Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Timothy Henty
hljómsveitarstjóri

Starfsfólk CineConcerts

Justin Freer
forstjóri/stofnandi/framleiðandi

Brady Beaubien
meðstofnandi/framleiðandi

Jeffery Sells
framkvæmdastjóri

Andrew P Alderete
samskipta- og fjölmiðlastjóri

Andrew McIntyre
rekstrarstjóri

Brittany Fonseca
markaðsstjóri

Si Peng
samfélagsmiðlastjóri

WME Entertainment
umboðsfulltrúi

JoAnn Kane Music Service
undirbúningur tónlistar

Justin Moshkevich, Igloo Music Studios
hljóðblöndun


Kvikmyndin

Leikstjóri Chris Columbus
Framleiðandi David Heyman
Handritshöfundur Steve Kloves
Byggð á Harry Potter og viskusteininum eftir
J.K. Rowling

Aðalhlutverk:

Daniel Radcliffe
Rupert Grint
Emma Watson
John Cleese
Robbie Coltrane
Warwick Davis
Richard Griffiths
Richard Harris
Ian Hart
John Hurt
Alan Rickman
Fiona Shaw
Maggie Smith
Julie Walters

Tónlist John Williams
Kvikmyndagerð John Seale
Ritstjórn Richard Francis-Bruce
Framleiðsla Heyday Films, 1492 Pictures
Drefing Warner Bros.



John Williams

TÓNLIST

Á rúmlega fimm áratuga ferli hefur John Williams skipað sér sess meðal færustu og farsælustu kvikmynda- og konserttónskálda Bandaríkjanna. Hann er enn meðal frægustu og frjósömustu tónlistarmanna þjóðarinnar. Hann hefur verið tónskáld og tónlistarstjóri fyrir fleiri en hundrað kvikmyndir, þ. á m. allar níu *Stjörnustríðsmyndirnar*, fyrstu þrjár *Harry Potter*-myndirnar, *Superman*, *JFK*, *Born on the Fourth of July*, *Memoirs of a Geisha*, *Far and Away*, *The Accidental Tourist*, *Home Alone* og *The Book Thief*. Samvinna hans við leikstjórnann Steven Spielberg hefur á fjörutíu og fimm ára tímabili getið af sér margar þekktustu og dáðustu myndanna úr smiðjum Hollywood, svo sem *Schindler's List*, *E.T. The Extra-Terrestrial*, *Jaws*, *Jurassic Park*, *Close Encounters of the Third Kind*, *Indiana Jones-myndirnar*, *Munich*, *Saving Private Ryan*, *The Adventures of Tintin*, *War Horse*, *Lincoln*, *The BFG* og *The Post*. Einnig hefur Williams unnið ótullega í heimi sjónvarpstónlistar, með fleiri en 200 raddskrár fyrir brautryðjandi sjónvarpsþætti eins og *Alcoa Theatre*, *Kraft Television Theatre*, *Chrysler Theatre* og *Playhouse 90*, auk þess að hafa samið titillagið fyrir *NBC Nightly News* ("The Mission"), *NBC's Meet the Press* og listabættina *Great Performances* sem sýndir eru á PBS-sjónvarpsrásinni. Williams samdi titillögin fyrir Ólympíuleikana sem haldnir voru að sumri árin 1984, 1988 og 1996 og að vetri árið 2002. Hann er fimmfaldur Óskarsverðlaunahafi og hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna í 52 skipti – þar með er hann oftast tilnefndur núlifandi manna og næst oftast tilnefndur í sögu Óskarsverðlaunanna. Hann hefur fengið sjö BAFTA-verðlaun, 25 Grammy-verðlaun, fern Golden Globe-verðlaun og fimm Emmy-verðlaun auk þess að hafa gefið út fjölda gull- og plátínudiska. Árið 2003 hlaut hann Olympic Order, mesti heiðurinn sem veittur er af Alþjóðaólympíunefndinni, fyrir framlag sitt til Ólympíuhreyfingarinnar. Hann hlaut hin eftirsóttu Kennedy Center Honors-verðlaun í desember 2004. Árið 2009 hlaut hann inngöngu í hina virtu Amerísku lista- og vísindaakademíu og hlaut Þjóðlega orðu listamanna (e. National Medal of Arts), hæsta heiðursmerki sem veitt er listamönnum af ríkisstjórn Bandaríkjanna. Árið 2016 var hann 44. einstaklingur – og fyrsta tónskáldið – til að fá Life Achievement Award Amerísku Kvikmyndastofnunarinnar. Og árið 2020 hlaut hann hin spænsku verðlaun Princess of Asturias Award for the Arts ásamt gullmedalíu frá hinu virta breska tónlistarfélagi Royal Philharmonic Society.

John Williams var ráðinn tónlistarstjóri Boston Pops-hljómsveitarinnar í janúar 1980, þegar hann tók við af hinum nafntogaða Arthur Fiedler. Hann dró sig í hlé frá hljómsveitinni í desember 1993 með fjórtán árangursrík starfsár að baki og hefur verið heiðursstjórnandi Boston Pops síðan. Einnig er hann staðarlistamaður hjá tónlistarhátíðinni í Tanglewood. Williams hefur samið fjölmörg tónverk til flutnings í tónleikasal, þ. á m. tvær símfóníur og einleikskonserta sérpantaða af fremstu símfóníuhljómsveitum heims. Meðal einleikskonsertanna eru sellókonsert saminn fyrir Boston-hljómsveitina, fagott konsert fyrir Fílharmóníuhljómsveit New York-borgar, trompetkonsert fyrir Cleveland-hljómsveitina og hornkonsert fyrir Chicago-hljómsveitina. Árið 2009 frumflutti Boston-hljómsveitin hörpukonsertinn hans, sem ber titilinn *On Willows and Birches*, og sama ári samdi hann og útsetti *Air and Simple Gifts* sérstaklega fyrir fyrstu innsetningarhátíð Baracks Obama sem forseta Bandaríkjanna.



Timothy Henty

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Pótt hann sé enn á fertugsaldri er hinn breski Timothy Henty þekktur stjórnandi bæði í leikhúsi og í tónleikasal.

Hann hefur stjórnað mörgum hljómsveitum, þ. á m. Academy of St Martin in the Fields, Skoska sínfóníuljómsveit BBC, Deutsches Symphonie-Orchester Berlin, Sínfóníuhljómsveit Gautaborgar, Sínfóníuhljómsveit Malmö, Konunglega fílharmoníuhljómsveitinni í Liverpool, Royal Northern Sinfonia, Royal Philharmonic Orchestra, RTÉ National Symphony Orchestra, Sinfonia Lahti, Sinfonieorchester Basel, Sínfóníuhljómsveitinni í Stafangri, Sínfóníuhljómsveit Ulster og WDR Funkhausorchester í Köln.

Einnig hefur hann stjórnað óperu- og óperettuuppfærslum, svo sem *Madama Butterfly* (Nederlandse Reisopera), *Iolanthe* (English National Opera), Mike Leigh's *The Pirates of Penzance* (ENO/Théâtres de la Ville de Luxembourg/Théâtre de Caen), *Ruddigore* (Opera North), *L'elisir d'amore* (Dorset Opera Festival) og *La Traviata* (King's Theatre).

Timothy Henty stjórnar kvikmyndasýningum með lifandi tónlist um allan heim, þ.m.t. *Harry Potter*-myndunum, *Gladiator Live*, *The Godfather: Live* og *Star Trek: The Ultimate Voyage* (öllum á vegum CineConcerts). Auk þess hefur hann stjórnað *Ghostbusters Live* (Schirmer Theatrical) og *Brief Encounter* (Cork Film Festival). Árið 2015 leiddi hann æfingar fyrir heimsfrumflutning á *Titanic: Live* í umsjón tónskáldsins, James Horner heitins.

Árið 2020, á meðan COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst framleiddi hann og stjórnaði kvikmyndaðri útgáfu af Pétri og úlfnum eftir Prokofjev auk heimildamyndaseríu um hljómsveitarstjórn, *The Grounded Conductor*, fyrir þætti London Mozart Players, #AtHomewithLMP. Þáttaröðin hlaut sérstaka viðurkenningu á RPS-verðlaunahátíðinni það ár, og hana má finna á YouTube.

Timothy Henty hlaut Foundation-styrk hjá Konunglegu tónlistarakademíunni í Bretlandi, þar sem hann lærði hjá Neil Thomson, og vann á námsárunum til Tagore Gold Medal-verðlaunanna sem veitt eru af Bretaprinsinum til afburðanemanda akademíunnar.



Justin Freer

FORSTJÓRI / STOFNANDI / FRAMLEIÐANDI

Hinn bandaríski Justin Freer er tónskáld og stjórnandi sem er fæddur og uppalinn í Huntington Beach í Kaliforníu. Hann hefur fest sig í sessi meðal helstu tónlistarmanna á vesturströnd Bandaríkjanna og er eftirsóttur sem stjórnandi og framleiðandi kvikmyndatónlistarflutnings víða um heim. Hann lærði fyrst á trompet en sneri sér fljótlega að píanóleik og tónsmíðum. Hann samdi fyrsta verkið sitt ellefu ára að aldri og kom fyrst fram sem stjórnandi sextán ára gamall.

Freer semur tónlist fyrir margs konar miðla og hefur skrifað fyrir hina heimsfrægu trompetleikara Doc Severinsen og Jens Lindemann. Hann er eftirsóttur sem tónskáld og stjórnandi hljómsveitar- og kammertónlistar um allan heim.

Justin Freer hefur samið tónlist fyrir margar sjálfstætt framleiddar kvikmyndir. Einnig hefur hann samið kvikmynda-auglýsingatónlist fyrir nokkrar stærstu auglýsingaherferðir 20th Century Fox Studios, þ.m.t. *Avatar*, *The Day the Earth Stood Still* og *Aliens in the Attic*. Sem stjórnandi hefur hann komið fram með fjölda heimsþekktra hljómsveita svo sem Chicago-hljómsveitinni, Cleveland-hljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles, Fílharmóníuhljómsveit New York-borgar and the Fíladelfíu-hljómsveitinni. Einnig er hann meðal örfárra sem hafa stjórnað bæði í Colosseum og í Circus Maximus í Rómaborg.

Hinn þekkti stjórnandi og fræðimaður við Oxford Round Table, dr. Rikard Hansen, hefur lýst honum þannig: „Þegar öllu er á botninn hvolft laðar könnun Freers á hljóðheimi tónlistar fram drekkhlaðið drama, ógnvekjandi átök og kyrrláta íhugun.“

Freer hefur hlotið marga styrki og verðlaun frá samtökum á borð við ASCAP, BMI, Society of Composers and Lyricists og Henry Mancini Estate. Hann er forstjóri og stofnandi fyrirtækisins CineConcerts, sem helgar sig varðveislu og tónleikaflutningi á kvikmyndum. Sem slíkur setur hann saman efnisskrár og stjórnar lifandi tónlist fyrir hundruðir margvíslegra kvikmynda í fullri lengd, þ.m.t. *Rudy*, *Gladiator*, *The Godfather*, *Breakfast at Tiffany's*, *It's A Wonderful Life* og *Harry Potter*-myndirnar. Justin Freer hlaut bakkalár- og meistaraáráður í tónsmíðum frá UCLA-háskólanum, þar sem hann lærði hjá Paul Chihara og Ian Krouse. Einnig hefur hann notið leiðsagnar hins heimsfræga tónskálds og stjórnaða Jerry Goldsmith.



Brady Beaubien

MEÐSTOFNANDI/ FRAMLEIÐAND

Hinn Stanford-menntaði landsliðsþróttamaður Brady Beaubien lærði hugræn taugavísindi og stofnaði síðan hið verðlaunaða fyrirtæki Interlace Media, sem sérhæfir sig í hreyfigrafík. Sem leiðandi stúdíó í tölvustýrðri hreyfigrafík og skapandi umboðsaðili fyrir kvikmyndir í fullri lengd hefur Interlace stýrt kynningarefni fyrir rúmlega 100 Hollywood-myndir, þ.m.t. *Avatar*, *X-Men*, *Rio*, *Ice Age* og *Die Hard*-seríurnar.

Árið 2013 varð Beaubien meðstofnandi fyrirtækisins CineConcerts, sem helgar sig endursköpun á kvikmyndasýningum og hljómsveitartónlist. Hann starfar nú sem framleiðandi allra kvikmyndatónleika CineConcerts, þ.m.t. *Gladiator Live*, *The Godfather Live*, *DreamWorks Animation in Concert*, *It's a Wonderful Life in Concert*, *Star Trek: The Ultimate Voyage* og *Harry Potter*-myndanna.

Beaubien hefur hjálpað við að skapa framtíðarsýn fyrirtækisins er varðar nýjar listgreinar og skapandi uppfærslur á ástsælum kvikmyndum og sjónvarpsefni, m.a. með því að semja *Star Trek: The Ultimate Voyage*, sem fagnar klassískt kvikmyndaefni er spannar hálfu öld.

Með skapandi orku og öflugri samvinnu leitast hann við að tryggja að CineConcerts sé hvati að endurkomu almenningsskemmtunar og bjóði áhorfendum og ungu fólki áfram tækifæri til að endurnýja kynni sín við tónleiksali og hljómsveitir í nærsamfélagi sínu.

Beaubien er einnig fær hönnuður, með verkefni á borð við Matsuhusa Paris hjá Le Royal Monceau-Raffles og The Citrus við Melrose Avenue í Hollywood, framlag til byggingarlistar hverfisins sem er holdgervingur hollustu hans við borgina Los Angeles. Í The Citrus sameinast nýstárlegt efni og tækni og viður, steypa og gler í lífræna nútímahönnun. Auk þess hefur Beaubien unnið með verðlaunaða sushi-kokkinum Nobu Matsuhisa við hönnun og stofnun á nýrri veitingahúsaútfærslu – Umeda – í byggingunni.

Um CineConcerts

TWITTER / FACEBOOK / INSTAGRAM

CineConcerts er leiðandi í framleiðslu lifandi tónlistar- og sjónrænu efni og er sífellt að endurskilgreina lifandi skemmtun. Undir handleiðslu framleiðandans og stjórnandans Justin Freer ásamt framleiðandanum og rithöfundinum Brady Beaubien hefur CineConcerts haldið liðlega 900 tónleika fyrir rúmlega 1,3 milljónir gesta í 48 löndum, í samvinnu við heimsfrægar símfóníuhljómsveitir á borð við Chicago-hljómsveitina, Cleveland-hljómsveitina, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles, Fílharmóníuhljómsveit New York-borgar, Fíladelíu-hljómsveitina og Fílharmóníuhljómsveitina. Meðal nýrra uppfærslna eru *Rudy in Concert*, *The Harry Potter Film Concert Series*, *Gladiator Live*, *The Godfather Live*, *It's a Wonderful Life in Concert*, *DreamWorks Animation In Concert*, *Star Trek: The Ultimate Voyage 50th Anniversary Concert Tour*, *Breakfast at Tiffany's in Concert* og *A Christmas Dream Live*.

Um Warner Bros. Consumer Products

Warner Bros. Consumer Products, dótturfyrirtæki Warner Bros Entertainment, er meðal leiðandi leyfisveitinga- og markaðssetningarfyrirtækja á heimsvísu.

Lagalegur texti

WIZARDING WORLD og öll tilheyrandi vörumerki, sögupersónur, nöfn og merki eru © & ™ Warner Bros. Útgáfuréttur © JKR. (s21)

Şinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Pétur Björnsson
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Ásdís Runólfsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Lucja Koczot
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Louis Baumann
Peter Tompkins

Klarínett

Baldvin Ingvar Tryggvason
Finn Schoefeld
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Dagbjört Ingólfsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Ásgeir Steingrímsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Hljómborð

Jaan Ots
Árni Heiðar Karlsson

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson
Maarja Nuut

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*

Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástrádsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*
Sverrir Hjálmarsson *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir *skjala- og skrifstofufulltrúi*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgulfsdóttir *sviðsstjóri*

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter

AND THE
PHILOSOPHER'S
STONE

— IN CONCERT —

25., 26. OG 27. NÓVEMBER

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS™

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR, (s21)